



Stöðuskýrsla – Skemmd á vatnslögn til Vestmannaeyja

Dagsetning:	13. desember 2023	Stig:	Hættustig
Tekið saman af:	Dagbjartur Kr. Brynjarsson		
Netfang:	dagbjartur@ferdamalastofa.is	Sími:	659 9099

Staðan 13. desember 2023

Þann 17. nóvember síðastliðinn rakst akkeri nóta- og togveiðiskipsins Hugins VE í vatnslögnina til Vestmannaeyja með þeim afleiðingum að hún skemmdist verulega. Við frekari skoðun á lögninni 24-26. nóvember komu stórfelldar skemmdir í ljós sem varð til þess að hættustigi Almannavarna var lýst yfir að morgni 28. nóvember.

Lögnin hefur færst mikið úr upprunalegri stöðu og á henni er 90° horn á einum stað. Hún er á lofti á löngum köflum, hlífðarkápa af á löngum köflum og stálgrindarlög sums staðar stórskemmd. Auk þess er lögnin lek á einhverjum stöðum.

Þrátt fyrir þetta skilar lögnin enna vatni yfir til Eyja. **Engin skerðing er á afhendingu vatns eins og er** en vegna eðlis og alvarleika skemmda er veruleg hætta á að lögnin rofni og afhending vatns stöðvist. Það er mat þeirra sem reka lögnina að á einhverjum tímapunkti, þegar leki nær einhverju ákveðnu magni miðað við þrýsting, hætti lögnin að flytja vatn yfir í lagnakerfi Vestmannaeyja.

Uppfært 13. desember 2023

Unnið hefur verið áfram við bæði að festa lögnina á þeim stað sem hún liggur yfir neðri hluta Klettsnef. Hefur sú vinna gengið ágætlega þegar veður gluggi gafst til þess að vinna í henni. Kafarar hafa verið við vinnu undanfarna tvo daga og gert er ráð fyrir að þeir geti haldið eitthvað áfram í dag. En svo kemur aftur vont veður og þá eru ekki aðstæður til köfunnar og vinnu á svæðinu.

Þegar vinna við að festa lögnina á sínum stað hefur veið lokið mun vera farið í að taka upp gömlu 4“ lögnina til að kanna hvort hægt veði að koma henni í gagnið.

Búið er að festa kaup á Reverse Osmosis búnaði til þess að hreinsa sjó til drykkjar. Von er á að búnaðurinn komi til Vestmannaeyja á næstu tveimur vikum en þá þarf að koma honum fyrir og tengja við sjóborholu.

Næstu daga er spáð frekar leiðinlegu veðri eða um og yfir 20 m/s úr suðaustri og austri næstu daga með allt að 4 mera ölduhæð norður af Heimaey.



Eins og staðan er í dag flytur vatnslögnin nægilegt magn vatns til þess að halda uppi eðlilegri notkun á kerfinu, bæði fyrir íbúa og fyrirtæki.

Uppfært 8. desember 2023

Vinna við að festa lögnina á þeims tað sem hún liggur hefur gengið vel og er núna beðið eftir næsta verðurglugga til að halda áfram með þá vinnu. Telja kafarar að lögnin sé furðu vel á sig komin eftir átökin og telja líklegt að hún haldi framm á sumar. Búið er að ganga frá aðgengi að Reverse Osmosis búnaði (búnaðurinn hreinsar sjó svo að hann verður drykkjarhæfur) frá Laxey. Búnaðurinn veður vonandi klár til notkunar í næstu viku. Þá er einnig búið að festa kaup á öðrum Reverse Osmosis búnaði sem er væntanlegur til landsinns eftur um það bil 2 vikur. Þá hafa Almannaþingardeild Ríkislögreglustjóra ásamt Aðgerðastjórn Almannaþingarinnar í Vestmannaeyjum unnið hörðum höndum við undirbúning á öllum sviðsmýndum.

Undanfarna daga hefur verið frekar leiðinlegt veður með vind upp í 28m/s úr Austri á Stórhöfða ásamt töluverðri öldu. Svo virðist sem að lögnin hafi haldið það út.

Eins og staðan er í dag flytur vatnslögnin nægilegt magn vatns til þess að halda uppi eðlilegri notkun á kerfinu, bæði fyrir íbúa og fyrirtæki.

Uppfært 5. Desember 2023

Veður getur haft veruleg áhrif á lögnina enda hefur hún færst mikið úr stað. Þá hafa festingar og aðrar öryggisráðstafanir eru farnar. Á undanförunum dögum hefur farið fram vinna við að festa og tryggja lögninga þar sem að hún liggur eftir tilfærslu.

Þá hefur frið fram töluverð vinna við að kortleggja og undirbúa viðbrögð sem fara þarf í ef komi til rofs á lögninni eins og til dæmis með hvaða hætti hægt sé að flytja nægilegt magn af vatni til eyja til að uppfylla þarfir ásamt öðrum mögulegum leiðum.

Næstu daga er spáð frekar leiðinlegu veðri í Vestmanneyjum með 20-22 m/s í austan átt með allt að 7 metra ölduhæð.

Almannaþingardeild Ríkislögreglustjóra í samráði við Lögreglustjóran í Vestmanneyjum hafa tekið ákvörðun um að senda annan stuðningshóp til Eyja til þess að aðstoða við skupulagningu og áætlanagerð á meðan að veðrið gengur yfir.



Eins og staðan er í dag flytur vatnslögnin nægilegt magn vatns til þess að halda uppi eðlilegri notkun á kerfinu, bæði fyrir íbúa og fyrirtæki.

Næstu skref Ferðamálastofu

Til stendur að Ferðamálastofa muni senda út stöðuskýrslur, á Aðgerðastjórn og Framkvæmdahóp, funda á meðan að við erum á Hættustigi.

Ferðamálastofa hefur kannað bókunarstöðu hjá helstu gististöðum í Vestmannaeyjum.

Líklegt er að Ferðamálastofa boði til fundar með Aðgerðastjórn ferðamála þar sem að farið verður yfir stöðuna á bæði Grindavík og Vestmannaeyjum.

Frekari upplýsingar veitir Dagbjartur í dagbjartur@ferdamalastofa.is eða 6599099.